
Minnisblað

Dagsetning: 12. apríl 2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands og aðgerðir í skólum vegna COVID-19 frá og með 16. apríl 2021.

Þann 25. mars 2021 tók gildi reglugerð nr. 321/2021 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og gildir hún til og með 15. apríl 2021. Reglugerðin var sett samkvæmt minnisblaði sóttvarnalæknis en vikurnar á undan höfðu komið upp nokkrar hópsýkingar á höfuðborgarsvæðinu af völdum breska afbrigðis kórónaveirunnar (B.1.1.7).

Eftir 25. mars voru einnig aðgerðir á landamærum hertar sem fólst í sýnatöku hjá ferðamönnum sem framvísa vottorðum um fyrri sýkingu af völdum COVID-19 og bólusetningu gegn COVID-19, sýnatöku, hjá börnum sem hingað ferðast og aukið eftirlit með þeim sem dveljast í sóttkví eða einangrun.

Frá því að fyrrgreind reglugerð tók gildi þ. 25. mars sl. hafa dagleg smit verið frá 2-11 alls og utan sóttkvíar frá 0-6. Þannig má fullyrða að komið hafi verið í veg fyrir að stærri hópsýkingar eða útbreiðslu. Hins vegar má fullvíst telja að ekki hafi tekist að uppræta veiruna úr samfélaginu og því fyllsta ástæða til að fara áfram með fyllstu gát sérstaklega þegar haft er í huga að COVID-19 er ennþá í mikilli útbreiðslu í okkar nálægu löndum. Þá er ekki séð fyrir endann á afleiðingum nýrra afbrigða veirunnar. Þess vegna er áfram mikilvægt að viðhafa ýtrustu varkárni á landamærum og það í raun lykll að því að hægt sé að slaka á innanlands. Staðan á sjúkrahúsum landsins er sem stendur góð hvað varðar COVID-19 og er nú enginn einstaklingur inniliggjandi með sjúkdóminn. Bólusetningar elstu hópa ganga vel og nú er búið að bólusetja langt yfir 90% af 70 ára og eldri.

Ég tel þó rétt að fara hægt í allar afléttingar takmarkana innanlands á meðan verið er að ná góðum tókum á smitum á landamærum og aukinni þátttöku í bólusetningum.

Ég legg því til eftirfarandi aðgerðir frá og með 16. apríl 2021 og til grundvallar er stuðst við afléttingar á aðgerðum þ. 13. janúar 2021:

1. Ný reglugerð um sóttvarnaaðgerðir innanlands taki gildi 16. apríl nk. og gildi í þrjár vikur.
2. Almennar fjöldatakmarkanir verði miðaðar við 20 manns. Börn fædd 2015 og síðar verði undanþegin þar sem að smit hjá eldri börnum eru algengara af völdum breska afbrigðisins en þeirra afbrigða sem áður hafa valdið smitum.
3. Náandarregla verði áfram almennt tveir metrar.
4. Grímuskylda og leiðbeiningar um grímunotkun verði óbreyttar. Börn fædd 2005 og síðar verði undanþegin grímuskyldu.

5. Sund- og baðstaðir megi opna fyrir 50% af leyfilegum hámarksfjölda gesta. Börn fædd 2015 og síðar teljist ekki með.
6. Líkamsræktarstöðvar megi opna með eftirfarandi skilyrðum:
 - a. Líkamsræktarstöðvar megi opna fyrir 50% af leyfilegum hámarksfjölda gesta.
 - b. Aðeins verði opið fyrir hóptíma þar sem þjálfari hefur yfirsýn og stjórn og tryggir að neðangreindum reglum sé fylgt.
 - c. 20 manna hámark sé í hólfaða tíma.
 - d. Allir séu fyrirframskráðir í tíma og því til fullkomin skrá yfir það hver var hvar og hvenær og smitakning því auðveld.
 - e. Leyft verði að nota búningaklefa.
 - f. Æfingasvæðið sé skipt niður í hólf og ekki séu fleiri í hólfi en sem nemur 4 fermetrum fyrir hvern iðkanda en að hámarki verði 20 iðkendur í hólfi. Hver iðkandi heldur sig innan síns svæðis út alla æfinguna og tveggja metra náandarregla viðhöfð.
 - g. Engum búnaði verði deilt á milli einstaklinga innan hvers tíma.
 - h. Hver tími sé að hámarki 60 mín og viðvera hvers iðkanda í húsi sé því aldrei lengri en 60 mínútur.
 - i. Við komu í hús sé tryggt að allir sótthreinsi hendur og beri grímur þar til æfing hefst.
 - j. Eftir æfingu sótthreinsi allir hendur áður en búnaður er sótthreinsaður.
 - k. Eftir æfingu (þegar hendur hafa verið sótthreinsaðar) sótthreinsi allir þann búnað sem þeir notuðu. Rekstraraðili ber ábyrgð á sótthreinsun búnaðar.
 - l. Við útgöngu sótthreinsi fólk hendur.
 - m. Engir tveir tímar liggja saman svo tveir hópar eru ekki að mætast í rýmum hússins, eins og anddyri.
 - n. Milli hópa séu salerni, vaskar og aðrir snertifletir sótthreinsaðir af starfsmanni.
 - o. Í sameiginlegum rýmum skal tryggja tveggja metra nálægðarreglu og þegar því verður ekki við komið skal andlitsgríma notuð.
7. Íþróttir barna og fullorðinna.
 - a. Íþróttæfingar barna og fullorðinna með eða án snertinga í íþróttum innan sem utan ÍSÍ verði heimilár. Hámarksfjöldi fullorðinna í hverju hólfi verði 50 manns. Sameiginleg búningaástaða verði opnuð. Gæta skal að því að búningaástaða sé þrífín og snertifletir sótthreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld verði sótthreinsuð eftir notkun og þess gætt að loftræsting sé í lagi og loftað vel út nokkrum sinnum yfir daginn.
 - b. Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur um sóttvarnir og um framkvæmd æfinga og keppna í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótt- og ólympíusambandi

Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins.

- c. Um hámarksfjölda barna á íþróttæfingum gilda sömu fjöldatakmörkanir og í skólastarfi.
- d. Íþróttakeppni barna og fullorðinna verði heimilar án áhorfenda. Hámarksfjöldi í hólfum hjá börnum og fullorðnum verði 50 manns.
- e. Skíðasvæði megi opna fyrir 50% af hámarksfjölda gesta. Gætt verði að tveggja metra nándarreglu og grímuskylda verði ef verði ef ekki verði hægt að tryggja nándarreglu. Um veitingarekstur á skíðasvæðum gildi sömu reglur og um veitingasölu almennt.

8. Sviðslistir og kórastarf:

- a. Æfingar og sýningar með snertingu verði leyfðar fyrir allt að 50 starfsmenn á sviði. Grímur verði notaðar þegar því verður við komið nema þegar listflutningur fer fram. Gætt verði að handhreinsun og sóttthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og passað að loftræsting sé í lagi.
- b. Heimilt verði að taka á móti allt að 100 sitjandi gestum í hverju hólfum og þeim gert skylt að nota grímu nema þegar neytt er drykkjar eða neysluvöru. Börn fædd 2005 og síðar teljast með. Heimilt verði að hafa hlé á viðburðum en gestir hvattir til að halda kyrru fyrir í sætum. Veitingasala í hléum og áfengissala á sýningum verði ekki leyfð. Leitast verði við að viðhafa a.m.k. eins metra nándarreglu.
- c. Skylt verði að selja í númeruð sæti og skrá haldin yfir gesti.

9. Við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga verði að hámarki 30 gestir nema 100 manns við útfarir; 2ja metra nándarregla verði tryggð sem og grímunotkun verði reglunni ekki við komið. Hámarksfjöldi í erfidrykkjum verði 20 manns.

10. Verðslanir megi taka á móti 5 einstaklinum á hverja 10 m² að hámarki 100 manns. 20 starfsmenn mega vera í sama rými og viðskiptavinir. Gætt skuli að tveggja metra nándarreglu og skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.

11. Söfn og aðrir opinberir staðir megi taka á móti að hámarki 20 einstaklingum Gætt skuli að tveggja metra nándarreglu og skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.

12. Veitingastaðir megi hafa opið til kl. 22 og gestir verði að hámarki 20 í rými og aðeins afgreitt í númeruð sæti og gestir skráðir. Vínveitingar einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verði að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 21 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 22:00. Gætt skuli að tveggja metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið. Heimilt verði að selja mat úr húsi til kl. 23:00.

13. Skemmtistaðir, krár, spilasalir og spilakassar megi vera opnir til kl. 22 með 20 manna hámarki í rými. Vínveitingar verði einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verður að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 21 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 22:00. Gætt skuli að tveggja metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.

14. Ökunám og flugnám með kennara verði heimilt.

15. Aðgerðir í skólum.

1) **Leikskólar**-tillögur frá fyrri tillögum 20. mars 2021 óbreyttar nema nándarregla.

- a. Engin ákvæði verði um hámarksfjölda eða nálægðarmörk barna í rými en 20 manna hámark fyrir fullorðna.
- b. Blöndun barna og fullorðinna milli hólfra leyfð.
- c. Eins metra nálægðarmörk og grímuskylda gildi einungis fyrir fullorðna sem ekki geta uppfyllt nálægðarmörk sín á milli.
- d. Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi skulu ekki koma inn í skólabyggingu nema brýna nauðsyn beri til og þá með andlitsgrímu.
- e. Viðburðir óheimilir.
- f. 50 börn í hólfri megi stunda skipulagt íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarf.

2) **Grunnskólar**-tillögur frá fyrri tillögum 20. mars 2021 óbreyttar nema nándarregla.

- a. Fjöldatakmörk fyrir nemendur í hverju rými verði 50 nemendur á öllum aldurstigum grunnskóla.
- b. Fjöldatakmörk fyrir fullorðna í hólfri verði 20 manns og nálægðarmörk fullorðinna verði einn metri. Þar sem eð ekki er hægt að viðhafa nálægðarmörk milli fullorðinna eða fjöldatakmörk þar verði grímuskylda fyrir fullorðna. Ástæða grímunotkunar eru hin meira smitandi afbrigði SARS-CoV-2 sem smita börn meira en fyrri afbrigði. Ástæða er þannig til að vernda kennara sem mest. Blöndun fullorðinna milli hólfra verði heimil.
- c. Nemendur verði undanþegnir nálægðarmörkum sem og grímuskyldu.
- d. Félagsmiðstöðvar falli undir viðmið um íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarf.
- e. Blöndun milli hópa barna innan skóla verði heimil.
- f. Sjálfsafgreiðsla í mótuneytum verði óheimil.
- g. Skipulagt íþróttastarf verði heimilt með eða án snertingar.

3) **Framhaldsskólar**-tillögur frá fyrri tillögum 20. mars 2021 óbreyttar nema nándarregla.

- a. Fjöldamörk fyrir nemendur og starfsmenn í hverju hólfri verði 30 og gætt verði að eins metra nándarreglu. Ef ekki er unnt að viðhalda eins metra nándarreglu verði skylt að nota andlitsgrímu bæði hjá nemendum og starfsmönnum.
- b. Umraða megi í hópum milli kennslutíma og lesaðstöðu en sótthreinsað sé milli hópa. Blöndun hópa verði heimil en aldrei fleiri en 30 manns í hólfri.
- c. Engir viðburðir verði heimilir í skólabyggingu.

4) **Háskólar**- tillögur frá fyrri tillögum 20. mars 2021 óbreyttar nema nándarregla.

- a. Fjöldatakmörk í hverju hólfi verði 50 manns með eins metra nálægðarreglu. Skyld verði að nota grímu ef ekki er hægt að viðhafa eins metra nálægðarmörk.
- b. Heimilt verði að hafa opin lestrarrými fyrir allt að 50 manns í vel loftræstum hólfum. Gætt skal að eins metra nálægðarreglu og almennum sóttvörnum
- c. Blöndun nemenda milli hólfa ekki leyfð en starfsmenn megi fara á milli hólfa.
- d. Engir viðburðir leyfðir í skólum.

5) **Tónlistarskólar**- tillögur frá fyrri tillögum 20. mars 2021 óbreyttar nema nándarregla.

- a. Eins metra nálægðarregla og grímuskylda gildi hjá nemendum og starfsmönnum til samræmis við almennt skólakerfi. Grímunotkun er háð hljóðfæraleik viðkomandi.
- b. Tuttugu starfsmenn að hámarki í hólfi sem mega fara milli hólfa.
- c. Hámarksfjöldi nemenda í hólfi er 50 börn á leik- og grunnskólaaldri.